

Inngangur – Vinnuskóli Reykjanesbæjar 2018 er vinnustaður nemenda á grunnskóla aldri, fjórtán til sextán ára. Vinnuskólinn heyrir undir umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar. Nemendur kynnast launaðri vinnu og taka sín fyrstu skref á vinnumarkaðinn. Fyrir 17 ára og eldri er önnur deild sem við köllum Garðyrkjudeild.

Almennt um vinnuskólann:

Vinnuskólinn er gerður út frá Umhverfismiðstöð Reykjanesbæjar, en sex starfsstöðvar eru í bænum staðsettar við skólalóðir. Starfsstöðvar sumarið 2019 voru við Heiðarskóla, Myllubakkaskóla, Holtaskóla, Njarðvíkurskóla, Akurskóla og við hús Kadeco fyrir Háaleitisskóla.

Kistur voru í upphafi sumars yfirfarðar af starfsmönnum og málaðar. Á veturna eru þær vistaðar í skulpstöðinni við Fitjabraut.

Einnig hafði hópurnir í Njarðvík aðgang að Björkinni til að komast á salerni og í húsaskjól á vinnutíma. Vinnuskólinn þarf að taka til skoðunar þær kröfur sem gerðar eru til aðstöðu vegna starfa ungmenna og ákveða hvernig henni skal háttað. Umgengi við Björkina var ábótavant en herða þarf eftirlit með hópum og flokkstjórum sem hafa aðgang að húsnæði.

Vinnuskólinn leigði þrjá bíla yfir sumarið, einn fyrir garðyrkjudeild og tvo fyrir yfirflokkstjóra.

Einnig er notaður bíll frá umhverfismiðstöð fyrir blómahóp/vökvun og önnur tilfallandi störf ef bílar eru á lausu. Bílaleigubílarirnir komu frá Hertz.

Undirbúningur fyrir sumarið 2019:

Berglind Ásgeirsdóttir forstöðumaður vinnuskóla sá um ráðningar.

Allir nýir flokkstjórar voru teknir í viðtal en viðtöl við yfirflokkstjóra tók Berglind auk Helgu Maríu aðstoðarmann starfsmannastjóra.

Yfirflokkstjórar voru Aníta Lind Róbertsdóttir Fisher (í tímavinnu) Björgvin Viktor Færseth, Kormákur Andri Þórsson og Margrét Eyjólfsdóttir.

Flokkstjórar voru samtals 27.

Heiðasíða vinnuskólans er : www.vinnuskolinn.wordpress.com

VSK				
frá 1.1.2019				
Launaflokkur 115	290.616			
Hópur	Hlutfall	Tímakaup	Orlof 10,17%	Samtals m/orlofi
8. bekkur	40%	714,92	72,71	787,62
9. bekkur	40%	714,92	72,71	787,62
10. bekkur	50%	893,64	90,88	984,53
17 ára	82%	1.465,58	149,05	1.614,63
18 ára	100%	1.787,29	181,77	1.969,06

Námskeiðahald:

Yfirflokkstjórar og flokkstjórar fóru á skyndihjálparnámskeið, sem haldið var í fimleika akademíu og leiðbeinendur komu frá bráðadeild HSS. Námskeið var 4 tíma námskeið og geta flokkstjórar sótt um skírteini hjá rauðakross Íslands því til staðfestingar.

Yfirflokkstjórar og flokkstjórar sóttu námskeið á vegum vinnumálastofnunnar um öryggi á vinnustað sem og áhættumat vinnuskólans.

Yfirflokkstjórar og flokkstjórar sóttu einnig námskeið um jákvæð samskipti á vinnustað til miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum.

Nemendur sem eru 15 ára á árinu, tóku annað ári í röð þátt í verknámssmiðjum FS í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu og Reykjanesbæ. Það voru tveir dagar.

Til stóð að halda örnámskeið í skyndihjálp fyrir alla nemendur vinnuskólans en ekki varð neitt úr því þetta árið.

Hvernig gekk svo?

Heilt yfir gekk sumarið mjög vel enda lék veðrið við okkur með sól og sumaryl og nemendur upp til hópa harðduglegir og undir stjórn samviskusamra flokkstjóra.

Í ár voru gerðar þær breytingar að ekki voru tvö starfstímabil heldur aðeins eitt og máttu nemendur vinna samtals 150 vinnustundir á sjö vikna tímabili. Það samsvarar því að nemandi geti mætt alla daga nema eina viku, en það er von vinnuskólans að með þessu fái bæði nemendur og forráðamenn betri þjónustu og aukið svigrúm til að fara saman í frí eða sinna öðrum skipulögðum tómsundum. Örlítill brestur varð á þessu þar sem nokkrir nemendur unnu í sérverkefnum svo sem leikjanámskeiði og unnu þar fleiri tíma á dag og á föstudögum og söfnuðu þar að leiðandi tímum hraðar en áætlað var og fóru nokkrir yfir 150 klst markið. Við munum finna betri leið til að fylgjast með þessu og upplýsa nemendur um þann tímafjölda sem má vinna á vegum vinnuskólans.

Nemendur gátu samtals unnið 150 klst í sumar, en líkt og undanfarin ár þá unnu nemendur ekki á föstudögum.

Þrátt fyrir örlitlar tafir þá tókst að taka upp rafræna tímaskráningu fyrir alla nemendur vinnuskólans í gegnum vinnustund. Flokkstjórar notuðu símana sína á verkstað til þess að skrá nemendur. Auðvitað eru alltaf byrjunarörðuleikar en þetta var engu að síður mjög jákvætt skref og gekk að mestu vel. Fínþússa þarf kennslu flokkstjóra á forritið og eins skoða möguleika á skráningu við þá daga sem nemandi mætir ekki til vinnu. T.d. skrá frittöku svo hægt sé að svara fyrir það eftir á ef forráðamenn hafa samband.

Fyrir og eftir myndirnar héldu áfram að slá í gegn bæði á Facebook og Instagram. Er það mat vinnuskólans að þetta hafi mjög jákvæð áhrif efli ímynd vinnuskólans. Líkt og síðustu ár var þeim hópum sem stóðu sig best boðið til pizzu veislu en í ár styrki Kadeco vinnuskólann til þess.

Uppákomur:

Ein rúða var brotin við Heiðarskóla – húsvörður var látin vita og gekk í það mál. Stúlku var veitt tiltal vegna þessa en atvikið náðist á upptöku.

Netníð: skoða þarf hvernig skal háttá notkun á sínum á vinnutíma. Í sumar kom upp atvik þar sem flokkstjóri var sérstaklega tekin fyrir á ljótan hátt á snapchat. Það atvik var leyst í samstarfi við foreldra.

Vinnuskólinn sendi barnavernd þrjár tilkynningar vegna atvika sem komu upp á vinnutíma. Upplýsingar um það liggja hjá barnaverndarfulltrúum Reykjanesbæjar.

Fjöldi nemenda milli árganga:

2003 – 88 nemendur 40,2% árgangs

2004 – 158 nemendur 68,1% árgangs

2005 – 170 nemendur 71,1% árgangs

2006 og eldri í garðyrkju - 49 nemendur

Samtals 465 nemendur í vinnu sumarið 2019 (voru 240 sumarið 2018).

Fjölgun um 225 nemendur eða 93,7% fjölgun

Samtals 496 starfsmenn með flokkstjórum (voru 257 sumarið 2018).

Fjölgun um 239 starfsmenn eða 92,9% fjölgun

Auðvitað er þetta mikil fjölgun milli ára en í ár var nemendum sem voru að klára áttunda bekk einnig boðin vinna (170 nemendur) og mældist það mjög vel fyrir hjá íbúum.

Verkefni:

Verkefni vinnuskóla eru almenn fegrun umhverfis.

Felst það meðal annars í hreinsun á stofnæðum og opnum svæðum, beðum og leiksvæðum.

Einnig fara nemendur í svokallaða hverfahreinsun eins og tækifæri gefst til.

Nemendur í garðyrkjuhópi sjá um sumarblómin, sláttur verkefni víða um bæinn samhliða því að sinna beðahreinsun og tilfallandi verkefnum.

Samstarfsverkefni:

Nokkuð er um að nemendur fari í samstarfsverkefni til íþróttafélaga og stofnana í bænum.

Þau eru:

Höfnin

Heilbrigðiseftirlitið

Körfuboltafélag Keflavík

Körfuboltafélag Njarðvík

Sundfélag Reykjanesbæjar

Skógræktarfélag Suðurnesja

Fimleikafélag Reykjanesbæjar

Fótboltafélag Keflavík

Fótboltafélag Njarðvík

Bardagaíþróttafélag Reykjanesbæjar

Reiðskóli Mána

Leikja og ævintýraskólinn

Listaskóli barna

KFUM & K

Dósasel

Skátar – vegna kofabyggðar, eina samstarfið sem gekk ekki sérlega vel.

Haust 2019 – áætlun er að keyra sumarið 2020 á sama módeli. Skoða þarf hvort og þá hvaða aðstöðu vinnuskóli ætti að hafa aðgang að í hverju hverfi fyrir sig.

Einnig er búið að gera drög að rafrænum bæklingi með upplýsingum til flokkstjóra sem gott verður að senda þeim.